



Fundargerð

12. fundur öldungaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Nesvöllum

6. október 2022, kl. 14:00

Viðstaddir: Borgar Jónsson formaður, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Rúnar V. Arnarson, fulltrúar Reykjaneshæjar, Eyjólfur Eysteinnsson, Guðrún Eyjólfsdóttir, Kristján Gunnarsson, fulltrúar Félags eldri borgara og Íris Dröfn Björnsdóttir, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Að auki sátu fundinn Ása Eyjólfsdóttir, forstöðumaður öldrunar- og stuðningsþjónustu og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Skipting embætta í öldungaráði (2022060216)

Á fundi bæjarráðs Reykjaneshæjar 9. júní 2022 voru eftirtaldir kosnir sem aðal- og varafulltrúar í öldungaráði Reykjaneshæjar kjörtímabilið 2022-2026:

Aðalmenn: Borgar Jónsson, Karítas Lára Rafnkelsdóttir og Rúnar V. Arnarson.

Varamenn: Birna Þórðardóttir, Sveindís Valdímarsdóttir og Þórunn Friðriksdóttir.

Félag eldri borgara tilnefndi eftirtalda aðal- og varafulltrúa:

Aðalfulltrúar: Eyjólfur Eysteinnsson, Guðrún Eyjólfsdóttir og Kristján Gunnarsson.

Varafulltrúar: Jón Ólafur Jónsson og Ingibjörg Magnúsdóttir.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja tilnefndi eftirtalda aðal- og varafulltrúa:

Aðalfulltrúi: Íris Dröfn Björnsdóttir.

Varafulltrúi: Halla Þorsteinsdóttir.

Öldungaráð Reykjaneshæjar kaus í eftirtalin embætti:

Borgar Jónsson var kjörinn formaður öldungaráðs.

Guðrún Eyjólfsdóttir var kjörin varaformaður öldungaráðs.

Íris Dröfn Björnsdóttir var kjörin ritari öldungaráðs.

2. Siðareglur kjörinna fulltrúa (2022060218)

Siðareglur kjörinna fulltrúa lagðar fram. Fulltrúar í öldungaráði Reykjaneshæjar staðfesta að hafa lesið reglurnar.

3. Leiðbeiningar um öldungaráð (2021050025)

Lagðar fram leiðbeiningar Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi skipun og hlutverk öldungaráða sveitarfélaga.

4. Þjónusta Reykjanesbæjar við eldri borgara (2022100061)

Ása Eyjólfsdóttir, forstöðumaður öldrunar- og stuðningsþjónustu kynnti þjónustu Reykjanesbæjar við eldri borgara.

Öldungaráð Reykjanesbæjar hvetur eindregið til þess að við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins verði gert ráð fyrir áframhaldandi samningi við Janus heilsueflingu. Einnig verði skoðað að taka upp hvatagreiðslur fyrir eldri borgara.

Eyjólfur Eysteinnsson sagði frá fyrirhuguðum aðalfundi öldungaráðs Suðurnesja sem verður haldinn 21. október nk. Hann hvatti fulltrúa í öldungaráði Reykjanesbæjar til að mæta á fundinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:10.